

Tillaga um að setja upp snjallljós á umferðarmestu gatnamótin í borginni.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skipulagsyfirvöld setji upp snjallljós við þau gatnamót sem mest á mæðir í Reykjavíkurborg í stað fjögurra stillinga klukkuprógramms sem ekki telst til snjalltækja. Sá vírsegull sem nú er við gatnamót mælir hvorki hraða né umferðarflæði. Vírsegullinn gerir ekki greinarmun á bíl, strætó eða hjóli og getur því ekki talist til snjallljósakerfis. Lagt er til að snjallljós komi í staðinn.

Greinargerð

Ástandið á gatnamótum víða í Reykjavík er bagalegt. Umferðarteppur myndast vegna tafa sem er vegna úreltrar ljósastýringar.

Míklubraut og Kringlumýrabraut eru þær götur sem eru með mesta umferðarflæði í Reykjavík. Snjallljósastýringarkerfi sem les umferðina og bregst við samkvæmt aðstæðum má finna í öllum borgum í Evrópu. Með snjallljósstýrikerfi er umferðarflæði betra og eyðsla, mengun og skemmdir á malbiki minni. Ef tafir eru miklar eru bílar sífellt að hægja á sér, nema staðar og taka af stað auk þess sem þeir sitja fastir á rauðu ljósi jafnvel þegar enginn ástæða er til. Meginstaða ljósa hlýtur að vera þannig að græni logar á aðalbraut nema annars sé krafist.

Umferðarflæði er slakt á kafla þessar mestu umferðar gatna í Reykjavík. Afköst eru slök, á meðan flæði er kannski öðru megin eru engir bílar hinum megin. Strætó hefur sérrein sem í raun er varla nauðsynlegt. Það klukkuprógramm sem er við lýði með fjórum stillingum er ekki snjallkerfi og eru bílar á rauðu þegar engin ástæða er til. Það veldur miklum töfum og afkastageta mestu umferðargötu borgarinnar er í mesta lagi 50%. Í raun má segja að öll umferðarljós í Reykjavík séu barn síns tíma. Skipta þarf um þau öll, setja í þau nema sem varpa fram upplýsingum um vegi, ástand þeirra og umhverfi. Þetta ætti ekki að taka langan tíma og kostnaður, rúmur milljarður, myndi fljótlega borga sig upp.